


ÍSLENDINGAR VILJA INNLENDRA FRAMLEIÐSLU

Hvað eftirfarandi á best við um skoðun þína á framleiðslu landbúnaðarvara?




- 80% Íslendinga vilja að allar eða flestar landbúnaðarafurðir séu framleiddar innanlands.
- Til þess að landsmenn geti valið íslenskar landbúnaðarvörur í sínum matarinnkaupum þarf að auka framleiðslu með því að skapa greininni samkeppnishæft starfsumhverfi.

- Á Íslandi eru um 3.800 störf í landbúnaði og áætlað að tengd störf séu um 4.900. Á hverju ári eru framleidd um 30.000 tonn af kjöti, 13.000 tonn af grænmeti og yfir 150 milljón lítrar af mjólk hér á landi. Framleiðslan fer fram á um 3.100 býlum hringinn í kringum landið og mikill fjöldi fólks kemur að framleiðslu, vinnslu, flutningi, sölu og framreiðslu matvæla til neytenda.
- Heildarframleiðsluvirði landbúnaðarins árið 2023 var áætlað 89 milljarðar króna sem er rúm 8% aukning frá árinu 2022. Um 65% framleiðsluvirðisins telst til búfjárræktar en um 27% til nytjaplönturæktar.

KJÖTFRAMLEIÐSLA HEFUR STAÐIÐ Í STAÐ

Kjötframleiðsla 1983-2023

Í tonnum




- Heildarframleiðsla á kjöti hefur haldist nær óbreytt undanfarinn áratug þrátt fyrir mikla fólksfjölgun og fjölgun ferðamanna.
- Framleiðsla á kindakjöti hefur dregist saman um 20% undanfarin 7 ár, svínakjötsframleiðsla hefur nær staðið í stað um langt skeið og það sama á við um alifuglakjöt frá árinu 2017.
- Nautakjötsframleiðsla jókst nokkuð árin 2016-2017 en hefur staðið í stað síðan þá.
- Aukinni eftirspurn hefur verið mætt með auknum innflutningi.

INNFLUTNINGUR MEÐ TÆPLEGA 30% MARKAÐSHLUTDEILD

Markaðshlutdeild innflutts kjöts eftir tegundum 2023

Umreiknað til kjöts með beini




- Markaðshlutdeild innlendrar framleiðslu hefur farið minnkandi undanfarin ár.
- Kjöttinnflutningur er fyrst og fremst bundinn við svína-, nauta- og alifuglakjöt.
- Innflutningur í þessum flokkum nam 29% af markaðshlutdeild árið 2023, umreiknað í kjöt með beini.

INNFLUTNINGUR HEFUR AUKIST VERULEGA

Innflutningur á kjöti 2011-2023

Í tonnum



- Innflutningur á kjöti jókst um 17% milli ára 2022-2023 og nam 4.976 tonnum.
- Innflutningur á nautakjöti jókst um 48% og hefur aldrei verið meiri eða 1.344 tonn.
- Innflutningur á alifuglakjöti jókst um 11% og var 2.021 tonn. Þar af var innflutningur á kjúklingi frá Úkraínu 24%.
- Innflutningur á svínakjöti jókst um 5%, var alls 1.591 tonn.
- Innflutningur á kindakjöti nam 20 tonnum.


TOLLVERND HEFUR LÆKKAÐ AÐ RAUNVIRÐI

- Tollur er gjald sem lagt er á innfluttar vörur með það í huga að styðja við innlenda framleiðslu.
- Tollar á innfluttar landbúnaðarvörur felast alla jafna annars vegar í magntolli (króna per kíló vöru) og hins vegar verðtolli (hlutfall af verðmæti vöru).
- Með viðskiptasamningi Íslands við ESB árið 2007 voru bæði magn- og verðtollar á kjöt og kjötafurðir lækkaðir um 40%. Magntollur (króna per kíló) hefur ekki tekið verðlagsbreytingum frá þeim tíma, tollverndin hefur því farið minnkandi með hverju ári.
- Tollar voru felldir niður á flest unnin matvæli, s.s. súkkulaði, pítsur, pasta o.fl. árið 2018 með viðskiptasamningi um landbúnaðarvörur við ESB. Ísland leggur ekki verðjöfnunargjöld á unnin matvæli sem innihalda landbúnaðarvörur og er þar eitt ríkja EES svæðisins sem gerir það ekki.

TOLLFRJÁLSIR KVÓTAR MUN RÝMRI HÉR EN Í NOREGI

Tollfrjálsir kvótar fyrir innflutning á ESB

Kíló á mann



- Tollkvóti er tiltekið magn vöru sem hægt er að flytja inn til landsins á lægri tollum eða tollfrjálst. Samið er um slíka kvóta í viðskiptasamningum milli ríkja.
- Tollfrjálsir kvótar fyrir landbúnaðarvörur frá ESB voru margfaldaðir með samningi um viðskipti um landbúnaðarvörur sem tók gildi árið 2018.
- Tollfrjáls kvóti sjöfaldaðist fyrir nautakjöt, þrefaldaðist fyrir svínakjöt og rúmlega fimmfaldaðist fyrir alifuglakjöt.
- Tollfrjálsir kvótar inn til Íslands eru margfalt stærri á mann hér samanborið við Noreg.
- Með útboði gefst innflytjendum færi á að bjóða í tollfrjálsa kvóta. Útboðsgjaldið ræðst af lægsta samþykktu tilboði í hverjum vöruilið.